

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Kaldakinn, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. nóvember 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir Köldukinn. Gert verði ráð fyrir 3 landspildum á stærðarbilinu 8-20 ha sem eru ætlaðar til landbúnaðar. Á hverri spildu verði möguleiki á byggingu íbúðarhúss, gestahúss og útihúss. Ennfremur verður gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á landi jarðarinnar í þágu nýtingar jarðarinnar til landbúnaðar, s.s. nýtt íbúðarhús og reiðskemma. Með gildistöku nýs deiliskipulags er eldra skipulag, dagsett 30. janúar 2010, fellt úr gildi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. nóvember 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.